# Bréf varðandi verkamenn valdir af Vinnumiðlunarskrifstofunni í Reykjavík fyrir herstjórnina, ódagsett

Bjarni Benediktsson – Bréf varðandi verkamenn valdir af Vinnumiðlunarskrifstofunni í Reykjavík fyrir herstjórnina, ódagsett

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-8, Örk 4

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

(1) Allar beiðnir um verkamenn til vinnu eru sendar Vinnumiðlunarskrifstofunni í Reykjavík og afgreiddar á vel viðunandi hátt. Það skiptir engu máli fyrir herstjórnina, hvaðan vinnumiðlunarskrifstofan velur verkamennina eða, hvort þeir eru meðlimir verkamannafélags eða sérstaks stjórnmálaflokks, heldur er einungis litið á hvort verkamennirnir eru þeim eiginleika búnir að reynast hæfir verkamenn. Herstjórnin áskilur sér að sjálfsögðu rétt til þess að ráða vissa fagverkamenn auk þeirra verkamanna, sem vinnumiðlunarskrifstofan gerir tillögu um.

(2) Kristínusi F. Arndal, forstjóra vinnumiðlunarskrifstofunnar, hefur verið fengið alm. skírteini (passi), sem veitir honum aðgang að öllum stöðvum, þar sem alm. verkamenn eru að vinna í þjónustu hersins. Herra Arndal fær einnig afrit af öllum launalistum, og sérhvert atriði, sem hann eða verkamennirnir sjálfir vekja máls á við Offiser I/C Civilian Labour hefur verið og mun framvegis verða tekið til athugunar. Það er ekki ætlunin að veita þessi hlunnindi öllum hinum fjölmörgu hálfopinberu vinnumiðlunarskrifstofum og verkalýðsfélögum á Íslandi.

(3) Vinnuflokkar eru einungis myndaðir til þess að gera auðveldari þá vinnu, sem fyrir liggur, og eru algjörlega undir henni komnir. Flokkar þessir eru valdir af handahófi og herstjórnin hefur ekki í hyggju að fallast á sérstaka skipun þessara flokka eða að samþykkja að einn meðlimur í hverjum flokki skuli vera fulltrúi ákveðins verkalýðsfélags. Herstjórnin áskilur sér rétt til þess að ráða, segja upp eða skipta um verkstjóra iðnaðarmenn eða verkamenn í þjónustu sinni.

(4) Herstjórnin óskar ekki eftir þjónustu utanaðkomandi aðilja við ákvörðun og útborgun vinnulauna, og auk þess vill brezka ríkisstjórnin ekki fallast á að veita heimild til þess að greiða einn af hundraði fyrir slíka þjónustu. Brezkir liðsforingjar ásamt

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

flokki fastráðinna íslenzkra skrifara og einhverjum verkamönnum vinna þetta starf af hendi. Þessvegna er ekki óskað eftir þjónustu Dagsbrúnar.

(5) Brezka herstjórnin sér verkamönnunum fyrir tækjum til flutnings á vinnustaðina til þess að aðstoða verkamennina og eru ökutækin nákvæmlega hin sömu og notuð eru til flutnings á brezkum hermönnum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur